



**Stefna hlutleysis og varnarleysis hefur reynst  
smáþjóðum hin mesta ólánsstefna.**

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Grein – Hlutleysi – Varnarmál –  
Smáþjóðir - 1953

**Tekið af vef Borgarskjalasafnsins**

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefna hlutleysis og varnarleysis hefur reynst smáþjöðunum hin mesta ólánssstefna.  
( Fyrirsögn Útvapsmánu Hermanns Jónassonar í "Tímanum" 22 Nov. 1953.)

1. Hafa orðið batnandi friðarhorfur í heiminum á síðustu þremur árum?
2. Er varnarleysis - og hlutleysissstefnan nú talin eina vörn smáþjöðanna?
3. Hefur hættá á innrás einræðisrikis á smáþjöðirnar minnkað?

( Með þessar spurningar í huga, hef ég tekið saman nokkra kafla Útvapsmánu Hermanns Jónassonar, fimmudaginn 19 November 1953.)

- I. "Nú sem stendur eru allir stjórnálamenn lýðræðisrikjanna á einu málum það, að friðarhorfur hafi enn ekki batnað svo, að draga megi ðr vörnum gegn ofbeldinu. Meðan svo er ástatt er fávislegt, að halda því fram, að Island, sem er einna þyðingarmest hernáðarlega, í átökunum milli lýðræðis og einræðis, frelsis og kúgunar, geti eitt verið hlutlaust og varnarlaust meðal þjöðanna.  
Varnarlaust hlutleysi er ekki lengur raunheft hugtak í huga þeirra manna, sem hafa d'omgreind og aðstuðu til að gera sér grein fyrir köldum staðreindum veruleikans í hörðum heimi.  
Meðan horfurnar ekki breytast verulega verða að vera hér varnir.  
Meðan við viljum ekki eins og frændur okkar á Norðurlöndum, annast þær sjálfrir, verða aðrir að gera það."
- II. "Hvernig nefur hlutleysissstefna reynst? - I skemmtu málum reynaist hún smárikjunum pannig, að þau voru hvert af óóru, sum varanlega, onnur um langan tíma, tröðkuð undir járnheið komúnista eða nazista, hneppt í þraldómsfjötra, og þannig meðfarin, að skáld þeirra og forustumenn töldu sig hafa lert það, að dauðinn geti verið betri en þraldómhlekkir, frelsis ð meira virði en lífið."
- III. "Peir stórnálamenn, sem predikuðu varnarleysi og hlutleysi áður, þakka nú fyrir að fá að vera gleymdir.  
Og nú þegar þjöðirnar koma á félagsvörnum gegn ofbeldi, en hafna fyrri varnarleysis- og hlutleysissstefnu sem vanhugsuðum mistökum, predika Pjöðrvarnarmenn og komúnistar, að við eigum að taka upp þessa ólánssstefnu sem utanríkisstefnu Islands."
- IV. "Nú koma þessar vofur frá 1941 aftur fram og segja við þjöðina, að stefnan frá 1941, stefna sameiginlegra varna og samtaka, stefnan sem allar frjálsar þjöðir hafa nú tekið upp, til að reyna að afstýra styrjöld, þá stefnu eigi íslenzka þjöðin ein að hættá við.  
En í hennar stað eigi þjöðin aftur að taka upp varnarlaust hlutleysi, sem reyndist fá mynt nema til þess eins að eiga drygtan þátt í því að koma síðustu heimsstyrjöld af stað, því eitt og eitt smáriki, sem var varnarlaust og taka mætti án tilkostnaðar, var ginnandi bræð fyrir árasarriki. Þannig var það og þannig mun það verða.  
Þannig ris reynsla veraldarsögunnar gegn kenningu kenningunni um varnarlaust hlutleysi."
- V. "Breytingin síðan 1939 og 1940 er að vísu sú, að þá voru Nazistar hernáðarlega sterkastir á meginlandi Evrópu, en nú eru það komúnistar og það svo, að peir geta leikið sér að Evrópu, ef hún stæði ein, eins og köttur að mūs.  
Hvaða þjöð getur afstýrt þessu? Aðeins ein þjöð, Bandaríkjumenn. Hver mundi þá vera fyrsta hugsunin og viðbrögð Rússa, ef Evrópu peir réðust á Vestur Evrópu. Átli hún væri ekki sú sama og hjá Nazistum, að ná yfirræðum á Islandi og loka þannig leiðinni að vestan.  
Og hinn gífurlegi kafbáttafloti og óvarðir flugvellir á Islandi, sem við komust ekki af án vegna innanlands- og millilandaflugs, mundi gera komúnistum þetta kleift, þótt það væri síður framkvæmanlegt fyrir Nazista.  
Ef Evrópa fellur verður Island samstundis í elddlinunni milli komúnistiskra Evrópu og Bandaríkjumanna.  
Ef svo feri mundi mörgum þykja dauðinn betri en lif í þessu landi.  
En ~~xjók~~ sjúkleg ákefð komúnista og leynikommúnista i að hafa landið óvarið er því auðskilið?"
- "Því auðvitað er það almennur vilji þjórarinnar, að hafa hér ekki erlent varnarlið nema brýn nauðsyn krefji.  
En hitt skulum við jafnframt muna og gera okkur fyllilega ljóst, að betra er að hafa hér varnarlið vinveittrar þjóðar með samkomulagi, með öllum þeim óþægindum er því fylgja, en að eiga yfir höfði sér innrás einræðisrikis, með þeirri sáru reynslu, sem saga síðustu áratuga hefur staðfest svo átakanlega, að enginn sétti að gleyma."